

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði miðvikudaginn 3. febrúar. 2016, kl. 17:30. Fundur, nr. 757. Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður og Þorsteinn. Forföll boðaði: Sigurður Eiríksson.

1. Formaður setti fund kl:17:30.
2. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt með áorðnum breytingum.
3. Innsend bréf.
 - a. Bréf dagsett 25. janúar, 2016. Frá UMFÍ; Ungt fólk og lýðræði, haldið á Selfossi 16. – 18. mars, 2016. Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóri kannar hvort sveitarfélög tilnefni þátttakendur á ráðstefnuna.
 - b. Bréf dagsett 26. janúar, 2016. Frá Rannís: jákvætt svar frá íþróttasjóði, umsókn vegna stangarstökkstanga Lagt fram til kynningar.
 - c. Bréf dagsett 29. janúar, 2016. Kjörbréf og tillögur vegna 70. Ársþing KSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - d. Bréf dagsett 29. janúar, 2016. Frá UMFÍ; Þratarlundur og VB. Lagt fram til kynningar.
 - e. Bréf dagsett 1. febrúar, 2016. Frá KSÍ; Kostningar í stjórn á 70. Árþing KSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - f. Bréf dagsett 3. febrúar, 2016. Frá Dalvíkurbyggð: Vorfundur Íþróttá og æskulýðsráðs 3. maí kl 16:00. Lagt fram til kynningar.
4. Styrkumsóknir
Helgi Halldórsson: umsókn barst í tíma til afreksmannasjóðs UMSE. Því miður láðist að afgreiða umsóknina um leið og aðrar umsóknir. Stjórn samþykkti að úthluta 45.000 kr.
5. Ársþing UMSE.
 - a) Ákveðið að halda ársþingið 17. mars 2016 kl 18;00.
 - b) Staðsetning.
Hörgársveit.
 - c) Umsjón.
UMF Smárinn, framkvæmdastjóri ræðir við umsjónaraðila varðandi veitingar.
 - d) Félagsmálabikarinn.
Framkvæmdastjóri sér um að kalla eftir skýrslum félagana, verða teknar fyrir á næsta stjórnarfundum fyrir þingið
 - e) Fundarboð ársþingsins.
Framkvæmdastjóri sér um að senda út fundarboð til aðildarfélaga 4 vikum fyrir þingið, þar sem óskað eftir upplýsingum og tillögum sem fyrirhugað er að leggja fyrir fyrir ársþingið.
 - f) Styrkumsókn vegna ársþings UMSE til Hörgársveitar.
Framkvæmdastjóri sendir sveitafélaginu bréf þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu.
 - g) Uppstillingarnefnd hefur tekið til starfa.
Í uppstillingarnefnd sitja formenn Umf. Svarfdæla Umf. Samherja og Skíðafélags Dalvíkur.

- h) Tillögur þurfa að liggja fyrir á næsta stjórnarfundum – Stjórnin skiptir með sér verkum og fer yfir tillögur sem leggja á fram fyrir ársþingið.
 - i) Heiðusviðurkenningar.
Samþykkt að stjórnarmenn vinni að því að tilnefna einstaklinga sem ættu að fá viðurkenningar á þinginu.
6. Erindi frá Dalvíkubýggð dagsett 26. janúar, 2016. Stjórn UMSE er boðið á fund íþróttá- og æskulýðsráðs Dalvíkurbyggðar 1. mars. þar sem rætt verður hvort það sé grundvöllur fyrir því að flytja skrifstofu UMSE til Dalvíkur.
7. Staða aðgerðaráætlunar vegna stefnu UMSE.
Bókun sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps þar sem fram kemur að ekki verður gerður langtíma styrktarsamningur við UMSE. Sveitafélagið mun styrkja UMSE um 120 þúsund krónur á þessu ári.
Samningsdrög við Hörgársveit lögð fram til kynningar. Stjórnin samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.
8. Athugasemdir frá Viðari Sigurjónssyni hjá ÍSÍ.
Forvarnir og fræðslustefnu og siðareglur UMSE. Lagt fram til kynningar.
9. Samstarf við Landflutninga.
Styrktarsamningur Landflutninga við UMSE er runninn út og verður ekki endurnýjaður að sinni.
10. UMSE gallinn. Framkvæmdastjóri sagði frá að UMSE gallarnir eru komnir í Topp menn og sport. Ákveðið að merkja gallana með merki UMSE og síðan getur hvert aðildarfélag merkt gallana að eigin vali.
11. Önnur mál.
Rætt um gögn í geymslu í Búgarði. Ákveðið að hafa vinnudag í tengslum við næsta stjórnarfund þar sem farið verður í gegnum geymsluna.
Framkvæmdastjóri sagði frá samstarfi UMSE við leikskólann Krummakot í Eyjafjarðarsveit um námskeið í forvörnum fyrir börn, stefnt á að halda námskeiðið á næstu mánuðum og bjóða öðrum sveitafélögum að taka þátt.
Framkvæmdastjóri sagði frá því að að vantar hlaupastjóra fyrir Þorvaldsdalskokkið. Þorsteinn tekur það að sér að finna hlaupastjóra.
12. Næsti fundur ákveðin 25. Febrúar. Einar kemur með veitingar
13. Fundi slitið kl: 19:20.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
